

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 94/2021

2024/EES/5/07

frá 19. mars 2021

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2154 frá 14. október 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur, vottunarkröfur og kröfur um tilkynningar vegna tilflutninga á landdýraafurðum innan Sambandsins ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki eiga við um Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki við um Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 13m (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2236) í hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„13n. **32020 R 2154**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2154 frá 14. október 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur, vottunarkröfur og kröfur um tilkynningar vegna tilflutninga á landdýraafurðum innan Sambandsins (Stjttíð. ESB L 431, 21.12.2020, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/2154, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. mars 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2020 frá 11. desember 2020 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 431, 21.12.2020, bls. 5.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 240, 28.9.2023, bls. 5 og EES-viðbætur nr. 70, 28.9.2023, bls. 5.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. mars 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.